

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 7. mars 2013 í máli nr. S-818/2012:

Ákærvaldið

(Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Jónasi Birgi Einarssyni

(Brynjólfur Eyvindsson hdl.)

Ár 2012, fimmtudaginn 7. mars, er á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 818/2012: Ákærvaldið (Helgi Magnús Gunnarsson) gegn Jónasi Birgi Einarssyni (Brynjólfur Eyvindsson hdl.), sem tekið var til dóms að aflokinni aðalmeðferð hinn 27. febrúar sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 5. nóvember sl. á hendur ákærða, Jónasi Birgi Einarssyni, kt. 000000-0000, Suðurhvammi 11, Hafnarfirði „fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa, laust eftir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 11. mars 2012 utan við Kolaportið að austanverðu, Tryggvagötu 19, í Reykjavík, veist að Hirti Gunnarssyni, með því að skalla hann í höfuðið, slá hann ítrekað í líkama og höfuð og hafa með blaði úr dúkhlíf veitt honum rúmlega 40 cm. skurðarsár á kvið sem náði frá vinstri rifjaboga lóðrétt niður að vinstri mjaðmarspaða og þaðan aftur á við, auk tveggja minni sára vinstra megin á hálsi.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu Hjartar Gunnarssonar er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 1.000.000, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu frá 11. mars 2012 til þess dags er mánuður er liðinn frá því bótakrafan er birt kærða, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Málavextir

Sunnudagsmorguninn 11. mars 2012 var tilkynnt um það til lögreglu að maður hefði verið stunginn í lærið í Tryggvagötu í Reykjavík. Þegar lögreglumenn komu í Tryggvagötu sáu þeir hóp af fólki við Tollstöðvarhúsið. Þar á meðal var Hjörtur Gunnarsson, f. 1994, og var hann mjög blóðugur og skorinn frá vinstri síðu og upp undir vinstra brjóst. Þá var hann með sár á bak við vinstra eyra.

Fram er komið í málinu að blóðugt blað úr dúkahníf fannst á vettvangi. Var egg eftir því endilöngu og það án nokkurs handfangs.

Tekin var skýrsla af Hirti tíu dögum síðar heima hjá honum 21. sama mánaðar. Sagðist honum svo frá að ákærði, sem hann ekki þekkti, hefði skorið hann með hnífi í umrætt sinn. Hefðu þeir verið að stympast og staðið þétt saman og hann ekki getað losað sig frá ákærða, sem hélt utan um hann. Hefði hann svo fundið mikinn sársauka í vinstri síðu og kviði og þegar hann gat losað sig með hjálp einhvers annars hefði hann séð að hann var skorinn. Hann kvaðst ekki hafa séð að ákærði væri með hníf en jafnframt sagði hann að enginn annar en ákærði hefði verið nærri honum, þegar þetta gerðist, en ákærði.

Skýrsla var tekin af ákærða á lögreglustöðinni við Hverfisgötu 4. maí sl. Skýrði hann svo frá að frænka hans, Alexandra, hefði haft samband við hann og kvartað undan því að Hjörtur og piltur að nafni Bryngeir, sem hún vissi að ákærði þekkti, hefðu verið með óhróður um hana á „Facebook“. Hefði hún beðið hann um að hafa samband við strákana út af þessu. Ákærði kvaðst þekkja þessa pilta enda hefðu þeir lagt hann í einelti þegar þeir voru saman í skóla. Kvaðst hann hafa náð sambandi við þá á netsíðunni og spjallað við þá um þessa kvörtun Alexöndru og fleira. Hefðu þeir stungið upp á því við ákærða að þeir hittust og kvaðst ákærði hafa sagst vilja hitta þá við „Kolaportið“. Hefði hann farið þangað með kunningja sínum, Pálma. Þegar þangað kom hefðu verið þar Bryngeir og Alexander nokkur. Hefðu þeir tekið tal saman um þessa misklið. Eftir nokkra stund hefði Hjörtur komið þarna að og gengið þétt upp að ákærða, ógnandi í fasi. Hefði hann sett andlitið á sér framan í ákærða og spurt þrisvar til fjórum sinnum hvort ákærði vildi lemja hann. Kvaðst ákærði að endingu hafa spurt hvort hann væri að biðja um það en í því hefði Hjörtur skallað hann í andlitið. Kvaðst hann hafa reynt að sparka Hirti frá sér og komast í burtu. Hefðu þá komið að strákar frá gámi sem þarna var, sumir með barefli. Sumir þeirra hefðu ráðist að ákærða en aðrir að Pálma, sem hefði hlaupið á brott. Hann kvaðst muna að hann hefði ekki komið með hnífinn en sagðist hafa séð einn strákinn með skrufjárn og annan með klaufhamar. Kvaðst hann hafa fallið þegar honum var hrint og þá orðið þess var að hann var skorinn á hendi. Strákarnir hefðu sparkað í búk hans og höfuð svo að hann vankaðist. Eftir smástund hefði Bryngeir komið að og skakkað leikinn. Kvaðst hann hafa komist í bílinn hjá Alexöndru með hjálp Bryngeirs. Hann hefði svo verið fluttur á sjúkrahús í sjúkrabíl.

Ákærði ítrekaði að hann hefði ekki komið með hníf á staðinn og ekki hafa orðið var við að Hjörtur væri skorinn fyrir en hann sagði: „þeir eru með hníf“. Hann sagði að ætlun hans hefði ekki verið að skaða Hjört eða aðra en þetta gæti hafa verið slys og gæti hann ekki sagt að þetta væri sér að kenna. Annars sagði hann nánar aðspurður að hann myndi þetta ekki og endurtók að hann hefði ekki komið með hnífinn.

Meðal gagna málsins er staðfest vottorð Sigurðar Ó. Blöndal skurðlæknis um áverka á Hirti Gunnarssyni. Segir þar að hann hafi verið með gapandi skurð á kvið þegar komið var með hann á slysadeild. Náði skurðurinn frá vinstri rifjaboga lóðrétt niður og síðan aftur á við í hæð á við vinstra mjaðmarkamb, um 40 cm langur. Var skurðurinn hreinskorinn eins og eftir skurðhníf og sást í vöðva á dýpinu. Var skurðurinn saumaður saman og þurfti samtals rúmlega 100 spor til þess. Þá voru tvö sár vinstra megin á hálsi, annað 3-4 cm langt neðan við eyrað og hitt sárið, sem var dýpra, var aðeins ofar. Læknirinn tók ljósmyndir af sárunum og liggja þær frammi í málinu.

Þá er einnig í málinu gögn um áverka sem ákærði hlaut í átökum í þetta sinn og kemur þar fram að hann hafi fengið heilablæðingar eftir höfuðhögg sem hann fékk í átökum þennan morgun. Hafi hann verið með kúlu á bak við vinstra eyra og miklar bólgur á vinstra kinnbeini og við augað. Óvíst sé um bata eftir heilaáverkann. Þá kemur einnig fram að hann hafi verið skorinn á baugfingri hægri handar. Meðal gagna málsins eru myndir af höfuðáverkunum á ákærða, skurðinum á baugfingri og enn fremur af skurði á handarbaki vinstri handar hans fyrir ofan löngutöng.

Aðalmeðferð

Ákærði neitar því að hafa skallað Hjört Gunnarsson í höfuðið og neitar því að hafa skorið hann með hnífsblaðinu. Þá neitar hann því að hafa slegið Hjört ítrekað í líkama og höfuð. Hann segist hafa slegið Hjört en það hafi ekki verið ítrekað heldur einu sinni eða tvisvar. Hann segir að hann hafi ekki komið með hníf með sér og ekki beitt honum á Hjört, a.m.k. ekki viljandi. Þegar á hann er gengið segist hann ekki vita hvort hann olli áverkanum með hnífsblaðinu sem fannst á staðnum. A.m.k. hafi hann ekki verið með hnífinn þegar hann kom á svæðið. Segist hann ekki hafa haldið á hnífsblaðinu og ekki hafa skorið Hjört. Sé það nokkuð ljóst. Hann segir þá tvo hafa tekist á og þeir fallið í þeim átökum. Þá segir hann að margir strákar hafi verið þarna í kring. Hann segist hafa staðið upp við bíl og Hjörtur upp við annan bíl en Bryngeir öskrað. Hafi þá fleiri strákar komið að og þeir Hjörtur svo skolið saman. Hann segir strák hafi verið fyrir aftan sig og kveðst hann hafa fengið á sig högg. Hafi þeir Hjörtur staðið andspænis og nálægt hvor öðrum og segir hann einhvern hafa reynt að draga sig í burtu frá Hirti. Hafi hann þá séð hnífinn í hendi einhvers, sem hann veit ekki hver var. Kveðst hann hafa gripið í Hjört og dregið hann að sér og Hjörtur þá rekið upp öskur, hlaupið í burtu. Segir hann Bryngeir hafa sett sig í jörðina. Hann segist ekki vita hvernig hann skarst á höndum. Þá viti hann ekki heldur hvernig það gerðist að Hjörtur var skorinn. Hann kveðst hafa fengið í sig högg og spörk í höfuðið, þ.á.m. í hnakkann, þar sem hann lá.

Ákærði segir átökin annars hafa byrjað með því að Hjörtur fór að eigna ákærða til átaka. Hafi þeir staðið þétt andspænis hvor öðrum og segir hann Hjört hafa skallað sig í andlitið og þeir farið að slást. Þeir Pálmi og Bryngeir hafi svo ætlað að grípa inn í átökin en þá hafi komið strákar aðvífandi að og þau þá hafist fyrir alvöru. Hafi þannig 5 til 6 strákar blandað sér í átökin. Ákærði kveðst hafa verið allsgáður þegar þetta gerðist.

Hjörtur Gunnarsson hefur skýrt frá því að þeir ákærði hafi byrjað að rífast þegar þeir hittust. Hann segist hafa verið búinn að drekka 5 bjóra þegar þetta gerðist. Ákærði hafi spurt hvort hann vildi verða barinn en hann svarað því neitandi og ýtt ákærða frá sér. Segir hann ákærða þá hafa skallað sig á hvirfilinn. Hafi þeir tekist á eftir það en hann hogað frá ákærða og upp að bíl sem þarna var. Hafi ákærði fylgt eftir og hafi hann fundið fyrir sársauka í síðunni og séð höndina á ákærða hreyfast þegar hann skar. Þá hafi ákærði einnig skorið hann fyrir aftan eyrað. Hann segist ekki hafa séð hnífinn eða áhaldið sem hann var skorinn með, hvorki á undan né eftir. Hann segir engan annan hafa getað skorið hann en ákærða, enda hafi hann einn verið það nálægur að geta það. Þá segir hann Stefán Mátta svo hafa rífið ákærða af sér og hafi hann gert sér grein fyrir að hann var með langan skurð á líkamanum. Hann segir afleiðingarnar af þessu aðallega vera andlegs eðlis en einnig fá hann stundum verki í skurðinn. Þá geti hann ekki stundað líkamsrækt, eins og hann gerði áður. Þá segist hann ekki lengur vera þekktur með nafni heldur sem strákurinn sem var skorinn. Hann segir þetta hafa haft mikil áhrif á skólanám sitt. Hafi hann fallið tvisvar á annarprófi. Hann segist nú hafa byrjað nám aftur og bindi vonir við það. Hann kveðst ekki geta skýrt áverkana á ákærða.

Stefán Már Högnason hefur skýrt frá því að hann hafi, ásamt kunningjum, komið þar að sem Hjörtur, vinur hans, og Bryngeir voru að ræða við ákærða. Hafi þeir staðið á lengdar en svo séð að slagsmál brutust út með þeim ákærða og Hirti. Hann hafi ekki séð upptökin að þessum átökum en leikurinn borist upp að bíl sem þarna var og þeir tuskast þar og einhverjir þústrar hafi einnig gengið. Hafi þeir einir verið í átökum. Kveðst hann þá hafa hlaupið að til að skilja þá og þeir tveir þá staðið andspænis hvor öðrum. Hafi hann komið aftan að ákærða, rífið í axlirnar á ákærða og tekið hann frá en þá séð að Hjörtur hafði verið skorinn. Hafi orðið uppnám og öskur. Hann segist hafa séð glitta í eitthvað í hendi ákærða en ekki séð hvað það var. Hann segir engum öðrum til að dreifa en ákærða og segist hafa verið sá eini sem blandaði sér í átök þeirra Hjartar. Ákærði hafi svo farið inn í bíl sem ók á brott.

Pálmi Snær Rúnarsson hefur skýrt frá því að hann hafi komið með ákærða á umræddan stað. Hann segist ekki hafa orðið var við að ákærði hefði hníf eða hnífblað með sér. Þar fyrir hafi verið Hjörtur og Bryngeir og einhver þriðji pilturinn. Hafi ákærði og Hjörtur farið að rífast. Hafi ákærði skallað Hjört. Hann segir vin eða vini Hjartar þá hafa ráðist á sig. Viti hann ekki hvað gerðist fleira á milli þeirra ákærða í framhaldi af því en einhver eða einhverjir af vinum Hjartar hafi komið honum til hjálpar. Hann hafi svo orðið þess áskynja að Hjörtur hafði verið skorinn. Aðspurður um það sem haft er eftir honum í lögregluskýrslu að Hjörtur hafi skallað ákærða segist hann ekki muna þetta vel núna en ef þetta standi í skýrslunni sé það rétt, enda hafi þá verið styttra frá atburðinum. Þá sé það einnig rétt sem þar segi að sá sem skallaði Jónas hafi spurt sig hvort hann hefði stungið Hjört.

Bryngeir Vattnes Kristjánsson hefur skýrt frá því að hann hafi farið með Hirti á umræddan stað. Hafi Hjörtur og ákærði farið að kíta og hafi Hjörtur átt upptökin að því. Hann segir þá tvo hafa „farið saman með hausinn“ og Hjörtur skallað ákærða og þeir tuskast eftir það og einhver högg hafi gengið. Hann segist ekki hafa séð að aðrir en þeir tveir ættu í átökum þarna. Hann kveðst ekki hafa séð hvernig það gerðist að Hjörtur var skorinn. Þá hafi hann ekki orðið var við hníf eða vopn í

fórum manna þarna. Hann kveðst hafa staðið nokkuð á lengdar við þá Hjört og ákærða. Hann kveðst ekki hafa orðið var við að aðrir en þeir tveir ættu í átökum. Hann segist svo hafa séð Hjört koma í áttina til sín og að hann hafði verið skorinn. Hann segist hafa gengið að ákærða og séð að hann var skorinn á hendi.

Alexandra Ýr Kolbeins hefur skýrt frá því að hún hafi séð ákærða og Hjört standa „með hausinn á móti hvor öðrum“. Hafi henni sýnst Hjörtur skalla ákærða og allt farið í uppnám. Ekki muni hún hver gerði hvað á hlut annarra en þarna hafi verið margir strákar, áþekkir og hún hafði ekki áður. Hún hafi þó séð að eftir að Hjörtur skallaði ákærða hafi ákærði „komið á móti“ og byrjað að slá Hjört „eða eitthvað“ Þorbergur komið og vaðið í ákærða. Þarna hafi svo orðið hrúga af strákum í áflogum á milli bílanna og hún ekki séð hvað þar gerðist nánar. Aftur á móti segist hún hafa séð að strákar sóttu að ákærða með höggum. Erfitt er annars að henda reiður á frásögn vitnisins um þennan atburð. Hún man eftir Hirti blóðugum og óskarandi.

Alexander Hrafn Kjartansson segist ekki hafa fylgst með upphafi átakanna enda setið inni í bíl. Þegar hann fór úr bílnum hafi átökin verið af staðin og Hjörtur verið blóðugur.

Þorbergur Viktorsson hefur skýrt frá því að hann hafi komið þar að sem þeir voru að rífast ákærði og Hjörtur. Hafi ákærði talað um að hann vildi berja Hjört. Í framhaldi hafi hann svo skallað Hjört. Hafi leikurinn svo borist út á plan og fáeinum sekúndum síðar hafi ákærði gengið frá og sest inn í bíl, allur blóðugur. Hann segist ekki hafa séð hvað fleira gerðist í átökum þeirra tveggja, enda hafi bíll skyggt á. Hann segist ekki hafa séð að aðrir en Hjörtur ættu í átökum við ákærða.

Samantekt

Blóðugt dúkahnífsblað fannst á vettvangi eftir átökin og ákærði var skorinn á baugfingri hægri handar og handarbaki vinstri handar.

Ákærði hefur ekki afdráttarlaust neitað því að hafa veitt Hirti Gunnarssyni áverkana með hnífnum eða hnífsblaðinu. Hefur verið gengið á hann með þetta og hann sagst a.m.k. ekki hafa skorið Hjört viljandi. Aftur á móti hefur hann lagt áherslu á það að hann hafi ekki komið með áhaldið á mótsstaðinn við Tollhúsið. Ákærði neitar því að hafa skallað Hjört en viðurkennir að hafa slegið hann einu sinni eða tvisvar.

Hjörtur Gunnarsson hefur sagst hafa fundið til sársauka í síðunni þegar þeir stóðu í hvor á móti öðrum í fangbrögðum og svo séð ákærða hreyfa höndina þegar hann skar hann en ekki séð vopnið í höndum ákærða. Þá hafi ákærði skorið hann á bak við eyrað. Loks segir hann ákærða hafa skallað sig í höfuðið. Stefán Már Högnason hefur sagt að ekki hafi aðrir blandast í átök ákærða og Hjartar sem gætu hafa skorið Hjört. Jafnframt segist hann hafa séð skurðinn á Hirti þegar hann sleit ákærða frá honum og að glitti á eitthvað í hendi ákærða. Hann segir einhverja þústra hafa gengið á milli þeirra tveggja. Bryngeir Vattnes Kristjánsson segir þá ákærða og Hjört hafa tuskast og einhver högg hafi gengið á milli þeirra. Ekki hafi hann séð að aðrir en þeir tveir ættu í átökum þarna. Þorbergur Viktorsson segir ákærða hafa skallað Hjört og leikinn hafa borist út á plan. Fáeinum sekúndum síðar

hafi ákærði gengið frá og sest inn í bíl, allur blóðugur. Hann segist ekki hafa séð að aðrir en Hjörtur ættu í átökum við ákærða.

Þau Hjörtur, Pálmi Snær og Alexandra hafa borið að ákærði hafi skallað Hjört.

Niðurstaða

Ákærði neitar því ekki afdráttarlaust að hafa skorið Hjört og engin vísbending hefur komið fram í málinu um það að aðrir hafi blandast í átök þeirra Hjartar og getað skorið hann. Jafnframt segja sjónarvottarnir Stefán Már, Bryngeir Vattnes og Þorbergur það útilokað að aðrir hefðu verið í aðstöðu til þess. Frásögn Hjartar er afdráttarlaus um að hann hafi bæði fundið fyrir og séð þegar ákærði skar hann. Stefán Már sá áverkann á Hirti þegar í stað og jafnframt glitta á eitthvað í hendi ákærða. Loks sá Þorbergur ákærða sjálfan blóðugan fáeinum sekúndum eftir átökin. Verður að telja sannað með framburðum vitnanna, og að nokkru leyti ákærða sjálfs, að hann hafi veitt Hirti áverka þá með eggvopni, sem lýst er í ákærunni. Dómurinn lítur svo á að áverkarnir á Hirti séu þess eðlis að um einbeitt ásetningsverk hafi verið að ræða.

Ákærði játar að hafa slegið Hjört eitt eða tvö högg. Stefán Már og Bryngeir Vattnes hafa borið að nokkur högg hafi gengið á milli ákærða og Hjartar. Er óhætt að telja sannað að ákærði hafi slegið Hjört tvö högg. Þá telst sannað með vætti Hjartar, Pálma Snæs og Alexöndru að ákærði hafi skallað Hjört.

Líkamsárás ákærða á Hjört var stórkostlega hættuleg og olli miklum áverka. Varðar hún við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing, skaðabætur og sakarkostnaður

Ákærði hefur tvisvar hlotið ákærufrestun fyrir hegningarlagabrot. Hann var 17 ára þegar hann framdi brotið. Árás ákærða átti sér stað í átökum og í framhaldi af ýfingum þeirra á milli. Þá hlaut ákærði mikla áverka sjálfur í átökum við aðra í þetta sinn. Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 2. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 218. gr. a þeirra laga vera hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði. Rétt er að fresta því að framkvæma refsingu þessa og fellur hún niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu Hjartar Gunnarssonar er þess krafist að ákærði verði dæmdur til þess að greiða honum 1.000.000 krónur í miskabætur auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38, 2001, um vexti og verðtryggingu frá 11. mars 2012 til þess dags er mánuður er liðinn frá því bótakrafan er birt kærða, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun. Hjörtur Gunnarsson mátti þola gríðarlegan áverka og mikinn miska af hendi ákærða. Þykir miskabótakröfunni því vera í hóf stillt. Ber að taka hana til greina að fullu og dæma ákærða til þess að greiða Hirti Gunnarssyni 1.000.000 krónur í bætur ásamt

vöxtum, eins og krafist er.

Dæma ber ákærða til þess að greiða verjanda sínum, Brynjólfi Eyvindssyni hdl., 450.000 krónur í málsvarnarlaun og Bjarna Haukssyni hdl. 450.000 krónur í réttargæslulaun, hvort tveggja að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ekki er kunnugt um annan sakarkostnað.

DÓMSORÐ:

Ákærði, Jónas Birgir Einarsson, sæti fangelsi í 8 mánuði. Frestað er því að framkvæma refsinguna og fellur hún niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð.

Ákærði greiði Hirti Gunnarssyni 1.000.000 króna í miskabætur auk almennra vaxta frá 11. mars 2012 til 27. desember 2012, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði verjanda sínum, Brynjólfi Eyvindssyni hdl., 450.000 krónur í málsvarnarlaun og Bjarna Haukssyni hdl. 450.000 krónur í réttargæslulaun.

Pétur Guðgeirsson